

Nr. 48/2021-2022.

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um ráðningu í prestsstörf nr. 4/2021.**

1. gr.

3. másl. 4. gr. orðist svo:

Að umsækjendur leggi fram prófskírteini sem staðfesti mag. theol. eða cand. theol. próf frá guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands eða sambærilega menntun. Haft skal samráð við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands við mat á menntun. Jafnframt skal leggja fram staðfestingu um að viðkomandi hafi lokið starfsþjálfun hjá Þjóðkirkjunni og vottorð um aðra menntun eða þjálfun sem nýtist í starfi.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjunnar nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu á opnum vef þjóðkirkjunnar.

*Samþykkt á kirkjuþingi 26. mars 2022 og birt á opnum vef kirkjunnar 27. mars 2022.*

**Drífa Hjartardóttir** forseti kirkjuþings.